

Ósvör Sjóminjasafn



NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA

# Skráning safngripa í Ósvör 2013



Lóa Júlía Antonsdóttir  
Rakel Ástrós Heiðarsdóttir  
og  
Þorleifur Eiríksson

Ósvör sjóminjasafn  
og  
Náttúrustofa Vestfjarða

Desember 2013  
NV nr. 35-13

## Útdráttur

Megintilgangur verkefnisins var að gera sýningu að safni með skráningu safngripa í SARP sem er sameiginlegur gagnagrunnur fyrir söfn á Íslandi. Undirbúningsvinnan var unnin árin 2010-2012 og voru allir gripir myndaðir og upplýsingar um hvern grip skráðar í aðfangabók og Access gagnagrunn. Við væntum þess að skráning þessi muni betrubæta til muna upplýsingaflæði, varðveislu og uppsetningu safnsins.

## Efnisyfirlit

ÚTDRÁTTUR.....	2
EFNISYFIRLIT .....	3
INNGANGUR.....	4
AÐFERÐIR.....	5
NIÐURSTÖÐUR .....	6
UMRÆÐUR.....	10
ÞAKKIR.....	10
VIÐMÆLENDUR .....	10
HEIMILDASKRÁ .....	11

## Inngangur

Ósvör er sjávarminjasafn sem staðsett er við Ósá í Bolungarvík. Ósvör er gamalt útræði frá árunum 1905-1925. Á árunum 1989-1990 var farið í að endurbyggja Ósvör vegna gerðar myndarinnar Verbúðin Ísland. Lét Geir Guðmundsson af hendi nokkuð marga gripi sem einnig tilheyra safninu í dag. Fljótlega eftir gerð myndarinnar vaknaði áhugi fólks á að skoða gömlu verbúðina. Það féll í hlut Geirs Guðmundssonar að halda verbúðinni opinni fyrir íslenska og erlenda ferðamenn. Hann viðhélt einnig hlutunum og varð Ósvör því óformlegt safn frá því u.þ.b. '90-'91. Gripir safnsins hafa hins vegar til þessa ekki verið skráðir samkvæmt safnalögum fyrr en byrjað var að skrá þá 2010.

Samkvæmt 5. grein safnalaga, nr. 107 frá árinu 2001, er hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna að safna, skrásetja, varðveita, fornverja og rannsaka minjar, svo sem forngrípi, kirkjugrípi, listmuni, nytjahluti, svo og myndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti og kynna þær almenningi, innan lands og utan. Til slíkra minja geta einnig talist hús sem hafa sérstakt gildi að mati þjóðminjavarðar.

Eftir að Dr. Þorleifur Eiríksson tók við rekstri safnsins hefur skrásetning hluta safnsins verið í forgangi. Skrásetningarverkefnið byrjaði sumarið 2010 (Guðríður Svava Óskarsdóttir og Þorleifur Eiríksson 2010) og hélt áfram sumarið 2011 (Lóa Júlía Antonsdóttir og Þorleifur Eiríksson 2011), og sumarið 2012 (Lóa Júlía Antonsdóttir og Þorleifur Eiríksson 2012). Verkefnið fjallaði um það að tilgreina muni á safninu með tilliti til framtíðarskráningar í SARP (sameiginlegur gagnagrunnur safna á Íslandi). Fengist hefur aðgangur að SARPI og því unnið þetta árið að því að yfirfæra upplýsingarnar sem þegar hefur verið safnað yfir í SARP. Haldið verður hinsvegar áfram með skráningu nýrra muna í aðfangabók og Access gagnagrunninn sem skráð hefur verið í. Upplýsingar voru fengnar úr bók sem Finnbogi Bernóðusson, fyrrverandi safnvörður hafði skráð í upplýsingar um notkun og heiti ýmissa muna. Auk þess bókum (Lúðvík Kristjánsson 1983 og 1985) og viðtölum við núverandi og fyrrverandi safnverði. Geir Guðmundsson hefur verið aðalheimildamaðurinn um tilurð hluta þar sem hann var bæði fyrsti safnvörður Ósvarar, eins og fyrr var minnst á, og gaf mikið af hlutum til safnsins.

## Aðferðir

Haldið var áfram með fyrri skráningar (Guðríður Svava Óskarsdóttir og Þorleifur Eiríksson 2010), (Lóa Júlía Antonsdóttir og Þorleifur Eiríksson 2011) og (Lóa Júlía Antonsdóttir og Þorleifur Eiríksson 2012). Í ár var byrjað að skrá í SARP og sá Rakel Ástrós Heiðarsdóttir um þá vinnu, sem og að halda áfram með skráninguna bæði í Access og aðfangabókina.

Árið 2011 var skráningunni í aðfangabókina með þessu sniði:

Osv-XXX. Dagsetning skráningar. Heiti hlutar. Úr hverju hlutur er gerður. Stærð. Lýsing. Ástand hlutar. Uppruni (hver gaf, ef það er ekki vitað er það skráð sem Ósvör-verbúð/salthús..). Annað.

En árið 2012 var ákveðið að bæta við frekari upplýsingum og var uppsetningin mjög svipuð að öðru leiti. Auk þess var bætt við sögu um hluti ef var einhver.

Aðfangabókin er handskrifuð og óbreytanleg. Hægt er að bæta nýjum hlutum í hana og strika yfir þá sem hafa glatast en ekki breyta neinu að öðru leiti. Nýja bókin er skrifuð með blýanti.

Þegar hlutur hefur verið skráður í aðfangabókina þá er hann færður inn í Access með auka upplýsingum og ljósmynd. Einnig var ákveðið sumarið 2011 að sumir gripir á upphaflegu Access skránni væru gripir sem beðið væri með að skrá. Breytt var um númer af þessum ástæðum og fengu fyrr skráðir gripir því ný númer. Árið 2012 var haldið áfram með nýju númerin og bætt inn í skrána munum og myndum.

Þetta var gert vegna þess að nokkrir munir voru í eign Byggðasafns Vestfjarða og því beðið með að gefa þeim númer. Þessir munir voru sexæringurinn Ölver og þeir munir sem honum fylgdu: stýri, stýrisrá, afturmastur, frammastur, útleggjari, tvær seglfokkur, stórsegl, aftursegl, fjórar ár, tvö austurtrog, neglutappi og hugsanlega tveir búkkar. Einnig eru fjórir aðrir munir í láni frá Byggðasafni Vestfjarða en það eru tveir snærisrokkar og mús sem fylgir þeim og tvö róðrabelti og einn leggur af beini með fífubandi sem er hugsanlega eign Byggðasafns Vestfjarða. Aðrir munir eru í eigu Ósvarar eða afhentir safninu til varðveislu.

Í viðtali við Geir Guðmundsson þann 16. júlí 2013 var farið yfir þennan lista og kom fram að þeir munir sem Byggðasafn Vestfjarða hafi lánað við gerð kvikmyndarinnar „*Verbúðin Ísland*“ hafi allir verið sóttir af tveim ungum mönnum er sendir voru af safnstjóra Byggðasafns Vestfjarða, fyrir utan þá sem nefnt er hér að ofan. Geir telur hinsvegar að þegar munirnir hafi verið sóttir hafi einnig farið með yfir á Ísafjörð, munir sem ekki voru í eigu Byggðasafnsins.

## Niðurstöður

## Skráning safngripa í Access

Taflan sýnir safngripina í Ósvör sem búið er að skrá. Hún sýnir nýju númerin sem gripirnir hafa fengið, nafn hlutar, lýsingu og mynd. Taflan er framhald þeirrar er fram kom í skýrslu síðasta árs (Lóa Júlía Antonsdóttir og Þorleifur Eiríksson 2012).

Skýrsla q			
Númer	Hlutar	séreinkenni	Mynd
270	Hnífur		1
271	Skeið		1
272	Nál		1
273	Salt kar		2
274	Skurðabretti		2
275	Tóbaksjárn		2
276	Nál		1
277	Kogari		4
278	Önglalat	Tálgað.	3
279	Hanki		2
280	Hverfisteinn		4
281	Naglbítur	Mjög ryðgað.	1
282	Rennibekkur		5
283	Rekaner		1
284	Krullujárn		1
285	Hnífakassi		1
286	Skjóla	Verið gert við, látið vera sýnilegt.	1
287	Taumarokkur	Grænmálaður, Merktur A1 1888.	3
288	Lóð		2
289	Kaffikvörn	Silfurmáluð.	4
290	Dufl	Svart en var rautt áður, vantar eina umgjörð.	4
291	Dufl	Svart, brennimerkt HE.	2
292	Dufl	Svart, en var rautt	3
293	Dufl	Ómálað.	2
294	Lúðuönglar		3
295	Línuefni		1
296	Línuefni		1
297	Aðgerðarborð		1
298	Aðgerðarborð		5
299	Hausingarbúkki		2
300	Spilkrókur		1
301	Kassi		3
302	Tóbaksjárn	Annað handfangið klofið.	4

Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
303	Tóbaksjárn	Tálguð handföng.	5
304	Fat	Gult með grænum kannti.	4
305	Fat	Emalerað með grænum kannti.	3
306	Fat	Emalerað með bláum kannti.	3
307	Fat	Emalerað með bláum kannti.	3
308	Lukt		4
309	Kútur	Glerkútur fastur í leirkrús.	3
310	Lukt	Glerið er með leðurblöku.	3
311	Lukt	Glerið er með leðurblöku.	2
312	Lukt		3
313	Lúðuönglar		3
314	Klemma		4
315	Klemma		4
316	Klemma	Brennimerkt "PSB".	5
317	Klemma		4
318	Klemma		5
319	Klemma		4
320	Klemma		4
321	Klemma		4
322	Klemma		4
323	Klemma		5
324	Klemma		7
325	Klemma		5
326	Seilingarnál		1
327	Seilingarnál		1
328	Seilingarnál		1
329	Skarexi	Handfang nýtt.	2
330	Halda		1
331	Netahringur	Brúnn, með áletrunum ('Deiro 65'), made in spain, o.fl.	4
332	Fáni		3
333	Fáni		4
334	Fáni		3
335	Plasthringir	Sjö hringir fastir saman í reipi, appelsínugulir.	2
336	Plasthringur	Reipi bundið í, appelsínugult.	4
337	Plasthringur	Appelsínugult.	3
338	Plasthringur	Appelsínugult.	3
339	Plasthringur	Appelsínugult.	3
340	Plasthringur	Appelsínugult.	4
341	Plasthringur	Appelsínugult.	1
342	Kræklingahrífa	Mjög ryðgað, vantar skaftið og netið.	4

Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
343	Lóð	Merkt Christian 5. Danakonungi.	2
344	Bátur		4
345	Frammastur		0
346	Seglfokka		0
347	Stórsegl		0
348	Aftursegl		0
349	Stýrisblað		0
350	Stýrisrá		0
351	Austurtrog		0
352	Útleggjari		0
353	Beitufjöl		0
354	Neglutappi		0
355	Búkki		2
356	Sjóskór		3
357	Sjóskór		3
358	Sjóskór		6
359	Sjóskór		3
360	Sjóskór		2
361	Sjóskór		3
362	Belgvettlingar		0
363	Gangspil		8
364	Lóðarás		4
365	Lóðarás		0
366	Lóðarás		0
367	Stjórasteinar		1
368	Stjórasteinar		1
369	Stjórasteinar		1
370	Stjórasteinar		1
371	Stjórasteinar		1
372	Stjórasteinar		1
373	Stjórasteinar		1
374	Undirfatnaður		3
375	Undirfatnaður		3
376	Vettlingar		1
377	Skrúfjárn	Lítur út fyrir að vera heimagert.	1
378	Ullarsokkar		1
379	Roðskór		2
380	Roðskór		1
381	Kamína	Það sem er undir vélinni var sett undir aukalega svo ekki kviknaði í.	3
382	Axlarbönd		1




## Sarpur

Í ár var í fyrsta sinn byrjað að skrá muni í Ósvör inn í Sarp, *sameiginlegt upplýsinga – og skráningakerfi Íslenskra safna*. Uppsetningin í Sarpi er sviðuð þeirri sem notuð hefur verið, en þó aðeins nákvæmari og fleiri atriði varðandi hlutinn tilgreind.

Skráningin í Sarp er með þessu sniði:

- ✓ Safnanúmer A og B. Safnanúmer A er Osv-XXX, en safnanúmer B er 201X-XXX (ártalið sem hluturinn var fyrst skráður og svo seinni helmingurinn á safnanúmeri A).
- ✓ Komudagur (ef vitað er um nákvæman komudag hlutar á safnið).
- ✓ Heiti hlutar.
- ✓ Fjöldi/brot; ef nokkrir hlutir af sömu tegund eru undir sama safnanúmeri, eða ef hluturinn/hlutirnir eru í nokkrum brotum.
- ✓ Myndefni, aðeins notað ef myndefni er á aðfanginu, á helst við um kirkjumuni, t.d. altarisöflur.
- ✓ Titill; ef hlutur ber sérstakt heiti sem segir lítið eða ekkert til um hlutverk hans.
- ✓ Efni; úr hvaða meginefnum hluturinn er.
- ✓ Tækni; hvaða aðferð var notuð við gerð hlutarins.
- ✓ Stærð hlutarins; lengd, breidd og hæð. Hægt er að velja um mismundandi mælieiningar.
- ✓ Vigt; upplýsingar um massa aðfanga.
- ✓ Aldur; hægt er að skrá inn aldur munanna á misnákvæman hátt.
- ✓ Ástand; ástand aðfanga metið.
- ✓ Staða skráningar; forskráning, grunnskráning, í endurskoðun, í vinnslu, ítarskráning.
- ✓ Hvaðan aðfangið kom/tengist; hægt að skrá inn misnákæmt eftir upplýsingum.
- ✓ Fleiri upplýsingar um komu og staðsetningu aðfangs; hlutinn gerði, finnandi, gefandi, afhendandi, seljandi, notandi, varðveislustaður, í útláni.
- ✓ Skráning, innsláttur; upplýsingar um þann sem skráði/sló inn og dagsetning.
- ✓ Mynd af hlutnum, lýsing (í samfelldum texta), athugasemdir (ef einhverjar eru) og heimildir.



Mynd 1. Sýnir hvernig Sarpur lítur út.

Skráningin gekk vel og voru skráðir 318 hlutir inn í Sarp (mynd 1). Jafnframt því sem munir voru skráðir inn voru upplýsingum bætt við inn í Access-skrána sem til er um hvern mun, í því skyni að gera Access-skránnar jafn nákvæmar og gagnagrunninn í Sarp.

## Umræður

Verkefnið gefur færi á að betrubæta safnið þ.e. að auka upplýsingaflæði til sýningargesta með t.d. upplýsingaspjöldum, bæklingum eða öðru slíku. Einnig er hægt út frá þessu að skipuleggja safnið betur að innan með því að hafa horn, ramma eða skáp með hlutum sem ekki tilheyrðu þessu tímabili sem safnið tilheyrir sér. Þar væri hægt að setja sama hlutinn sem breyttist milli ára hlið við hlið merktá með tilheyrandi áratímabili. Hægt er að nýta þetta til að marka hluti safns við tímabil og setja aðra hluti í geymslu eða lána til safna sem hluturinn tilheyrir betur.

## Þakkir

Viðmælendum; fyrrverandi og núverandi safnvörðum Ósvarar svo og öðru starfsfólki Náttúrustofu Vestfjarða sem aðstoðu eru veittar þakkir.

## Viðmælendur

Geir Guðmundsson, Arngrímur Kristinnsson og Jóhann Hannibalsson.

Mismikið af upplýsingum voru til um munina og því voru mismargir reitir í Sarp sem hægt var að fylla út. Þeir reitir sem alltaf var hægt að fylla út í voru: Safnanúmer, heiti, fjöldi, efni, ástand, staða skráningar og hvaðan aðfangið kom. Auk þess var alltaf hægt að setja inn lýsingu, en hún var mislöng eftir hlutum. Einnig var oftast hægt að segja frá hvaða aðferð var notuð við gerð hlutarins og stærð hans.

## Heimildaskrá

Guðríður Svava Óskarsdóttir og Þorleifur Eiríksson. 2010. Skráning safngripa í Ósvör. Ósvör og Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 14-10.

Lóa Júlía Antonsdóttir og Þorleifur Eiríksson. 2011. Skráning safngripa í Ósvör. Ósvör og Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 17-11.

Lóa Júlía Antonsdóttir og Þorleifur Eiríksson. 2012. Skráning safngripa í Ósvör. Ósvör og Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 19-12

Lúðvík Kristjánsson. 1983. Íslenskir Sjávarhættir. 3. Bindi. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Rvík. 546 bls.

Lúðvík Kristjánsson. 1985. Íslenskir Sjávarhættir. 4. Bindi. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Rvík. 498 bls.

Pétur Jónsson. 1947. Strandamannabók. Ísafoldarprentsmiðja h.f. Reykjavík.